



Heilbrigð samkeppni
Áskoranir og tækifæri
í íslenskri
heilbrigðisþjónustu

Greining efnahagssviðs
September 2016

Heilbrigð samkeppni

Efnisyfirlit

1. Hver er staðan í dag?
2. Hvert stefnum við?
3. Tillögur: Til breytinga þarf að koma

Heilbrigð samkeppni

Efnisyfirlit

1. Hver er staðan í dag?
2. Hvert stefnum við?
3. Tillögur: Til breytinga þarf að koma

Heilbrigð samkeppni

- **Þó íslenska þjóðin sé ein sú yngsta meðal OECD ríkja þá eldist hún hratt.** Einstaklingar eldri en 65 ára eru nú ríflega 13% Íslendinga en áætlað er að árið 2040 verði þeir orðnir nærri fjórðungur. Lækkandi fæðingartíðni og auknar lífslíkur eru megindrífkraftar þessarar þróunar en við það bætist að stórir árgangar eftirstriðsáranna nálgast nú áttæðisaldurinn. Mikil fjölgun í eldri aldurshópum er því handan við hornið.
- **Öldrun þjóðarinnar verður skattgreiðendum dýr.** Á sama tíma og öldruðum mun fjölga hratt mun fjöldi þeirra sem er á vinnumarkaði nánast standa í stað. Færri vinnandi hendur munu því standa að baki hverjum lífeyrisþega og fyrirséður er mikill útgjaldaauki til heilbrigðismála.
- **Framlög til heilbrigðismála hafa verið aukin.** Verulega var skorið niður til heilbrigðismála á árunum 2009-2012. Framlög til málaflokksins hafa hins vegar verið aukin frá þeim tíma og mælt á föstu verðlagi eru útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála meiri nú en þau voru árið 2009. Sé leiðrétt fyrir aldursamsetningu eru útgjöld til heilbrigðismála há í alþjóðlegum samanburði.
- **Heilbrigðiskerfið glímir við þrenns konar vanda:**
 1. Efla þarf heilsugæslustöðvar. Lítil nýliðun og skortur á læknum kemur niður á gæðum þjónustunnar.
 2. Styttu þarf biðlista. Biðlistar hafa lengst bæði á Landspítalanum sem og eftir hjúkrunarrýmum.
 3. Bæta þarf aðbúnað. Á Landspítalanum sérstaklega hefur mikil óánægja verið með tækja- og húsakost.
- **Það eru tvær áskoranir framundan:**
 1. Þjóðin er að eldast. Útgjöld til heilbrigðismála munu vaxa samfara öldrun þjóðarinnar og aukinni þjónustubörf til að sinna öldruðum.
 2. Þjóðin er að fitna. Lífsstílstengdir og langvinnir sjúkdómar eru ein helsta lýðheilsuógn Íslendinga og mun auka útgjöld til heilbrigðismála.
- **Þrjár leiðir eru til að mæta aðkallandi vanda þar sem ein útilokar ekki aðra:**
 1. Skattahækkanir. Skattbyrði er nú þegar einna mest á Íslandi samanborið við önnur ríki OECD og svigrúm því lítið til skattahækkana.
 2. Aukin greiðsluþátttaka sjúklinga. Ekki virðist pólitísk sátt um aukna greiðsluþátttöku og hefur krafan heldur verið að minnka hana.
 3. Aukin skilvirkni og hagkvæmari nýting fjármuna. Mörg sóknarfæri liggja í aukinni skilvirkni og hagkvæmari nýtingu fjármuna.
- **Við verðum að bregðast við.** Þrátt fyrir að framlög til heilbrigðismála séu há í alþjóðlegum samanburði ef tekið er tillit til aldursamsetningar þjóðarinnar þá blasir alvarlegur vandi við íslensku heilbrigðiskerfi. Að öðru óbreyttu stefnir í mikinn útgjaldaauka til heilbrigðismála á komandi árum. Efnahagssvið hefur sett fram tillögur um hvernig hægt er að bregðast við þeim áskorunum sem við okkur blasa. Eru þær settar fram með það að leiðarljósi að betri nýting fjármuna sé besta leiðin að bættri heilbrigðisþjónustu á Íslandi landsmönnum til heilla.

Samandregnar tillögur má finna á næstu síðu.

Tillögur efnahagssviðs

- **Heilsugæslan.** Efla þarf heilsugæsluna. Lítil nýliðun og skortur á heimilislæknum kemur niður á gæðum þjónustunnar. Margar heilsugæslustöðvar líða fyrir skort á samkeppni, en einkareknar heilsugæslustöðvar skila að jafnaði meiri skilvirkni og aukinni þjónustu. Lagt er til að rekstur allra heilsugæslustöðva verði boðinn út til að stuðla að heilbrigðri og virkri samkeppni. Tryggja þarf sjálfbæra endurnýjun heimilislækna á Íslandi með því að auka atvinnufrelsi þeirra og heimila þeim að starfa sjálfstætt ef þeir svo kjósa.
 - **Tillaga 1:** Bjóða út rekstur allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu
 - **Tillaga 2:** Auka möguleika heimilislækna til að starfa sjálfstætt
- **Langtímaumönnun.** Biðlistar eftir hjúkrunarheimilum hafa verið að lengjast. Á sama tíma eyðum við mun lengri tíma í innlögn á spítala en hinar Norðurlandabjórðirnar. Það ætti því ekki að koma á óvart að kostnaður Íslendinga vegna innlagna er hlutfallslega mestur á meðal OECD ríkja af heildarútgjöldum til heilbrigðismála. Fjölga þarf hagkvæmari úrræðum við langtímaumönnun og auka sérstaklega hvata sveitarfélaga til þess að grípa til aðgerða í þeim eignum.
 - **Tillaga 3:** Sveitarfélög greiði umframkostnað ef þau geta ekki tekið á móti sjúklingum frá sjúkrahúsum
 - **Tillaga 4:** Leggja áherslu á hagkvæmari úrræði t.d. heimaþjónustu
- **Gagnsæ fjármögnun.** Samfara öldrun þjóða mun þörfin eftir heilbrigðisþjónustu aukast. Framkvæmdar skurðaðgerðir¹ á Landspítalanum hafa aftur á móti dregist saman og biðlistar lengst. Með því að útvista valkvæðum aðgerðum frá Landspítalanum væri hægt að draga þar úr álagi. Þá þarf fjármagn að fylgja sjúklingi til að tryggja valfrelsi þeirra. Tryggja þarf að fjármögnun heilsugæslustöðva, almennrar og sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu taki mið af þjónustuþörf íbúa fremur en umfangi starfseminnar².
 - **Tillaga 5:** Fjármagn skal fylgja sjúklingi
 - **Tillaga 6:** Taka upp „fjármögnun eftir forskrift“
- **Gagnvirkt upplýsingakerfi.** Aðgengi að upplýsingum um heilbrigðiskerfið er af skornum skammti. Lagt er til að sett verði á stofn upplýsingakerfi að erlendri fyrirmynd fyrir sjúklinga til að bera saman þá heilbrigðisþjónustu sem þeim stendur til boða .
 - **Tillaga 7:** Koma á fót upplýsingakerfi fyrir sjúklinga til þess að auðvelda samanburð á mismunandi þjónustu

¹ Miðað við framkvæmdar aðgerðir sem Landlæknir tekur saman, fjöldi valinna skurðaðgerða

² Í samræmi við tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld

Heilsugæslan

- ① Bjóða út rekstur allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu
- ② Auka möguleika heimilislækna til að starfa sjálfstætt

Langtíma umönnun

- ③ Sveitarfélög greiði umframkostnað ef þau geta ekki tekið á móti sjúklingum frá sjúkrahúsum
- ④ Leggja áherslu á hagkvæmari úrræði t.d. heimaþjónustu

Gagnsæ fjármögnun

- ⑤ Fjármagn skal fylgja sjúklingi
- ⑥ Taka upp „fjármögnun eftir forskrift“

Upplýsingakerfi

- ⑦ Koma á fót upplýsingakerfi fyrir sjúklinga til þess að auðvelda samanburð á mismunandi þjónustu


Heilbrigðismál eru stærsti einstaki útgjaldapóstur ríkissjóðs

Útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist hraðar frá árinu 2013 en að meðaltali til annarra málaflokka. **Heilbrigðisútgjöld eru stærsti útgjaldapóstur ríkissjóðs** og ef áfram heldur sem horfir mun vægi hans í útgjöldum ríkissjóðs aukast á komandi árum.

Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum
- m.v. fjárlög 2016




Útgjöld ríkissjóðs
- á íbúa á föstu verðlagi, vísitala = 100 árið 2009



Hið opinbera greiðir meira til heilbrigðismála en ætla mætti miðað við aldurssamsetningu þjóðarinnar

Framlag hins opinbera er í **meðallagi** miðað við þau ríki sem við viljum bera okkur saman við en þá er ekki tekið tillit til hagstæðrar aldurssamsetningar þjóðarinnar.


Framlag hins opinbera árið 2014, % af VLF¹



¹Miðað við þau lönd þar sem heilbrigðisþjónusta er aðgengileg öllum

Væri íslenska þjóðin hins vegar jafngömul og hinar Norðurlanda-þjóðirnar væru **útgjöldin einna hæst hér á landi**.

Framlag hins opinbera leiðrétt fyrir aldurssamsetningu þjóðarinnar árið 2014, % af VLF




Dýrt heilbrigðiskerfi má að hluta til rekja til þátta sem erfitt er að ráða við t.d. hversu **íslenska þjóðin er fámenn og dreifbýl** með **dýra innviði**. Aðra þætti er auðveldara við að eiga en **aukin skilvirkni og samkeppni** leiða af sér **hagkvæmari nýtingu fjármuna** í heilbrigðiskerfinu.

Einkaframlagið er aftur á mótí með minna mótí sem skilar lægra heildarframlagi


1 Framlag hins opinbera til heilbrigðismála er í meðallagi miðað við þau ríki sem við viljum bera okkur saman við...

Framlag hins opinbera til heilbrigðismála
- % af VLF



2 ...framlag einkaaðila til heilbrigðismála er í minna lagi miðað við þau ríki sem við viljum bera okkur saman við...


Framlag einkaaðila
- % af VLF



Heimild: OECD

3 ...sem skilar því lægra heildarframlagi til heilbrigðismála

Heildarframlag til heilbrigðismála - % af VLF




Þrátt fyrir aukin fjárframlög er þrenns konar vandi til staðar


1. Heilsugæslan líður fyrir litla nýliðun og skort á læknum



Lítill nýliðun heimilislækna
Hár meðalaldur heimilislækna
Skortur á heimilislæknum
Löng bið eftir tíma hjá lækni
20% íbúa án heimilislæknis




Eru orsök og afleiðing þess að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins mælist í 134. sæti í könnunni stofnunar ársins.




Sem leiðir til þess að skilvirgni heilsugæslustöðvanna er lítil sem skilar sér í verri þjónustu við sjúklinga.


2. Biðlistar lengjast á ýmsum sviðum



Biðlistar lengjast hraðar en hjúkrunarrýmum fjölgar...



... spítalar geta ekki útskrifað sjúklinga...



...sem hefur reynst heilbrigðiskerfinu gífurlega kostnaðarsamt

3. Aðbúnaður á Landspítala er ekki til fyrirmyndar

Mikill uppsafnaður vandi á Landspítala

Tækjabúnaður Landspítalans úreltur

Einn milljarð kostar að endurnýja nauðsynlegasta tækjakost Landspítalans. Tvö geislatæki hafa bilað tíu sinnum á þremur árum.

Sérfræðingur á Landspítala lýsir afar bágbornum tækjabúnaði

Enn mikill vandi á Landspítala

Kári Stefánsson setur af stað undirskriftasöfnun fyrir endurreisn heilbrigðiskerfisins

ÖMURLEGUR AÐBÚNAÐUR ALDRADRA

Fjárskorturinn í heilbrigðiskerfinu bitnar mest á þeim sem síst skyldi

Heilbrigðiskerfið að molna niður
Myglusveppur á Landspítalanum

Þrjár leiðir til að mæta aðkallandi vanda

Þrjár leiðir eru til að mæta aðkallandi vanda og ein leið útilokar ekki aðra. Nú þegar er skattbyrðin hér á landi einna hæst meðal OECD ríkja og því lítið svigrúm til að hækka skatta enn frekar. Greiðsluþátttaka sjúklinga getur verið aukin en krafa samfélagsins í dag er fremur að draga úr henni en að auka hana. **Það gefur því augaleið að helstu sóknarfærin liggja í aukinni skilvirkni og hagkvæmari nýtingu fjármuna.**

1. Skattahækkanir



2. Aukin greiðsluþátttaka sjúklinga



3. Aukin skilvirkni og hagkvæmari nýting fjármuna



Íslenska heilbrigðiskerfið

Skipulag og rekstrarform



Skipulag íslenska heilbrigðiskerfisins

Uppbygging

- 7 heilbrigðisumdæmi
- 2 alhliða spítalar, 6 umdæmisspítalar
- 49 heilsugæsluaðilar
- 56 öldrunar- og endurhæfingarstofnanir

Fjármögnun

- 80% hið opinbera
- 18% einstaklingar (beint úr vasa)
- 2% aðrir einkaaðilar

Greiðsla

- Sjúkratryggingar Íslands greiða að hluta
- Sjúklingar greiða að hluta (beint úr vasa)
- Verðskrá eða frjáls verðlagning

Rekstrarform

- Tannlækningar, sjúkráþjálfun og endurhæfing er einkarekin eða einkavædd.
- Öldrunarþjónusta er bæði opinber og einkarekin
- 2 heilsugæslustöðvar eru einkareknar og 12 heimilislæknar eru sjálfstætt starfandi.



Eftirlit

- Landlæknir hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum
- Sjúkratryggingar hafa eftirlit með rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni



Lýðfræði

- Tiltölulega ung þjóð í alþjóðlegu samhengi.
- 22,8% Íslendinga teljast of feitir (BMI > 30)
- Áfengis- og tóbaksneysla lág








Rekstrarform innan íslenska heilbrigðiskerfisins

	Skilgreining	Fjármögnun rekstraraðila	Dæmi
Opinber rekstur	<ul style="list-style-type: none">Rekstur á vegum opinberra aðila, s.s. sveitarfélög og ríki	<ul style="list-style-type: none">Fjárframlag frá hinu opinberaGreiðslur „beint úr vasa“Jafnt aðgengi að þjónustu	
Einkarekstur	<ul style="list-style-type: none">Hið opinbera semur við einkaaðila að framkvæma ákveðna þjónustu	<ul style="list-style-type: none">Fjárframlag frá hinu opinberaGreiðslur „beint úr vasa“Jafnt aðgengi að þjónustu	
Einkavæðing	<ul style="list-style-type: none">Einkaaðili framkvæmir ákveðna þjónustu án samnings við hið opinbera	<ul style="list-style-type: none">Greiðslur „beint úr vasa“Ójafnt aðgengi að þjónustu	Tannlækningar (milli 18-67 ára) Sjúkraþjálfun (án tilvísana læknis) Hnykkingar

Rekstrarform innan íslenska heilbrigðiskerfisins

	Skilgreining	Fjármögnun rekstraraðila	Dæmi
Opinber rekstur	<ul style="list-style-type: none">Rekstur á vegum opinberra aðila, s.s. sveitarfélög og ríki	<ul style="list-style-type: none">Fjárframlag frá hinu opinberaGreiðslur „beint úr vasa“Jafnt aðgengi að þjónustu	
Einkarekstur	<ul style="list-style-type: none">Hið opinbera semur við einkaaðila að framkvæma ákveðna þjónustu	<ul style="list-style-type: none">Fjárframlag frá hinu opinberaGreiðslur „beint úr vasa“Jafnt aðgengi að þjónustu	
Einkavæðing	<ul style="list-style-type: none">Einkaaðili framkvæmir ákveðna þjónustu án samnings við hið opinbera	<ul style="list-style-type: none">Greiðslur „beint úr vasa“Ójafnt aðgengi að þjónustu	Tannlækningar (milli 18-67 ára) Sjúkraþjálfun (án tilvísana læknis) Hnykkingar

Átaksverkefni stjórnvalda: Betri heilbrigðisþjónusta 2013-2017

		Tillaga velferðarráðuneytis að breyttu fyrirkomulagi	Staða
	Þjónustustýring	Markmiðið er að sjúklingar leiti fyrst til heilsugæslunnar sem leiðbeinir þeim eftir þörfum til sérfræðinga. Stuðlar það að betri yfirsýn og samfellu í þjónustu.	Innleiðing hafin
	Sameining heilbrigðisstofnana	Ein öflug heilbrigðisstofnun í hverju heilbrigðisumdæmi. Yfirstjórnnum heilbrigðisstofnana fækkað úr níu í þrjár.	✓
	Endurskoðun greiðsluþátttöku	Allur kostnaður sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja verður felldur undir eitt greiðsluþátttökukerfi og hámark sett á útgjöld einstaklinga.	✓
	Sameiginleg símaráðgjöf og gagnvirk vefsíða	Upplýsingagjöf um heilbrigðiskerfið og þjónustu þess verður stóraukin með símaráðgjöf fyrir landið allt og gangvirkri vefsíðu.	✗
	Hreyfiseðlar sem meðferðarform	Læknum um allt land verður gert kleift að ávísa hreyfingu í meðferðarskyni. Notkun hreyfiseðla verður innleidd í öllum heilbrigðisstofnunum og hjá sérfræðilæknum.	✓
	Samtengd rafræn sjúkraskrá	Þróað verður samtengd sjúkraskrá á landsvísu sem tryggir örugg rafræn samskipti og aðgengi að viðeigandi rauntíma upplýsingum, hvar og hvenær sem þörf er á.	Innleiðing hafin
	Fjármögnun eftir forskrift	Breytingar gerðar á greiðslukerfi heilsugæslunnar sem fela í sér að fjármagnið verður látið endurspeglja þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar.	✓

Heilbrigð samkeppni

1. Hver er staðan í dag?
2. Hvert stefnum við?
3. Tillögur: Til breytinga þarf að koma

Áskorun til framtíðar: Kostnaður mun aukast í heilbrigðiskerfinu á komandi árum


Vandi 1:

Öldrun þjóðarinnar




Vandi 2:

Offita þjóðarinnar




Vandi 1: Ísland er ung þjóð í alþjóðlegum samanburði en eldist hratt

Hlutfall íbúa eldri en 65 ára





Á næstu 40 árum mun einstaklingum eldri en 65 ára fjölga hratt. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar mun fjöldi einstaklinga eldri en 65 ára meira en tvöfaldast. Þetta er óumflýjanleg þróun og mun að öðru óbreyttu hafa talsverð kostnaðaráhrif í för með sér fyrir heilbrigðiskerfið á komandi árum. Áætlað er að þeir sem eru eldri en 65 ára verði orðnir 103 þúsund árið 2060.

Aldursamsetning þjóðarinnar



Framfærsluhlutfallið hækkar: Samfara öldrun þjóða mun vinnufærum höndum fækka hlutfallslega

Öldrun þjóðarinnar felur ekki aðeins í sér aukinn kostnað fyrir heilbrigðiskerfið heldur aukna skattbyrði á hvern vinnandi mann. Fólk á vinnualdri aldri (18-65 ára) mun fjölga hlutfallslega hægar en fólk eldri en 65 ára, m.ö.o. framfærsluhlutfallið mun hækka. Að öðru óbreyttu munu því **hlutfallslega færri vinnandi einstaklingar standa undir hverjum öldruðum einstaklingi**.




Kostnaður eykst: Samfara öldrun þjóða mun heilbrigðiskostnaður aukast

Um 75% þjóða OECD eyða á bilinu 14-22% af vergri landsframleiðslu á mann í einstaklinga eldri en 75 ára.

Miðað við núverandi aldurssamsetningu er 65-69 ára sá aldurshópur sem krefst hæstu framlaga frá hinu opinbera. Árið 2060 má gera ráð fyrir því að bæta þurfi verulega við í framlög til heilbrigðismála til þess að þjónusta þá sem eru eldri en 65 ára.


Heilbrigðiskostnaður hins opinbera meðal landa OECD¹
% af VLF á mann eftir aldurshópum



Heimildir: OECD, Hagstofa Íslands

¹75% mörk. 75% gilda fellur innan bilanna.


Breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar



Lítið svigrúm til skattahækkana: Skattbyrði hér á landi er hærri en hjá flestum öðrum þjóðum

Heildarskatttekjur hins opinbera á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu eru nú þegar **einna mestar meðal ríkja OECD**. Lítið svigrúm er því hjá hinu opinbera til að hækka enn frekar álögur og mæta þannig væntum kostnaði vegna öldrunar. Það gefur því augaleið að auknum kostnaði þarf að mæta með því að **forgangsraða** frá öðrum málaflokkum eða að **nýta betur þá fjármuni sem þegar renna í heilbrigðiskerfið**.

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga¹
- sem % af landsframleiðslu



¹Ástralía, Holland, Pólland, Japan og Mexíkó tölur fyrir árið 2013

Hið opinbera gæti þurft að tvöfalda framlag sitt til heilbrigðisþjónustu

Framlag hins opinbera til heilbrigðismála mun skv. spá OECD **vaxa hratt samfara öldrun þjóðar...**

...og árið 2060 jafngilda ríflega **40% af heildarskatttekjum** hins opinbera.

Framlag hins opinbera sem % af VLF

14,4% af VLF

7,1% af VLF

9,4% af VLF

Í dag

2030

2060




14% af VLF

35% af VLF


Heildarframlag til heilbrigðismála árið 2060

Skatttekjur hins opinbera

Útgjöld til heilbrigðismála eru meiri hér en ætla mætti út frá aldurssamsetningu þjóðarinnar...



... og verði svo áfram munu útgjöld til heilbrigðismála ríflega tvöfaldast fram til ársins 2060 sem % af VLF




Stefnir í að fjöldi einstaklinga sem þarfnast langtímaumönnunar muni tvöfaldast

Þeir einstaklingar sem þurfa á langtíma umönnun (LTC) að halda eru fyrst og fremst íbúar eldri en 60 ára.


Fjöldi þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda fer svo **hækkandi** eftir því sem þeir verða eldri. Samfara öldrun þjóða má áætla að fjöldi þeirra sem þurfi á langtíma umönnun að halda muni tvöfaldast.

Til þess að bregðast til þessu verður að tvöfalda framboð af hjúkrunarrýmum á næstu 40 árum. Þetta þýðir að það þarf að byggja aðstöðu fyrir yfir 16.000 einstaklinga. Að sama skapi mun framlag hins opinbera til langtíma umönnunar þurfa að tvöfaldast úr 1,4% upp í 2,7% af vergri landsframleiðslu.


% þeirra sem þurfa á langtíma umönnun að halda
- Eftir aldersbili



Fjöldi sem þurfa á langtíma umönnun að halda




Framlag hins opinbera til langtíma umönnunar




Almennt heilbrigði gott í dag: Við reykjum ekki mikið, drekkum ekki mikið og erum í meðallagi feit


Hlutfall þeirra sem reykja



Neysla alkóhóls á hvern einstakling - í fjölda lítra



% íbúa eldri en 18 ára sem þjást af offitu (BMI > 30)




Heimildir: Alþjóða heilbrigðismálastofnunin, OECD




Vandi 2: Þjóðin fitnar þó hraðar en spár höfðu gert ráð fyrir

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur gert spá um þróun offitu á Íslandi fram til ársins 2025. Frá árinu 2010 hefur offita aukist hraðar en spáin gerði ráð fyrir og verði áframhald á mun 27% þjóðarinnar glíma við offitu árið 2025.




Heimildir: Alþjóða heilbrigðismálastofnunin, OECD

Þrátt fyrir að íslenska þjóðin sé í dag í meðaltali OECD ríkja þegar kemur að offitu...



...þá stefnir í að árið 2025 glími 27% þjóðarinnar við offitu.



Offita er kostnaðarsöm fyrir bæði einstakling og samfélag

Í ljósi þess að hlutfall þeirra sem eru of feitir á Íslandi er í meðaltali OECD landanna má gera ráð fyrir því að kostnaður vegna offitu á Íslandi nái í það minnsta heimsmeðaltalinu, **2,8% af landsframleiðslu**. Það er rúmur þriðjungur heildarupphæðar þess sem varið er í heilbrigðismál á Íslandi. Til að draga úr þessum kostnaði og um leið auka almennt heilbrigði er mikilvægt að ýta undir heilbrigðan lífsstíl. Þar gegna forvarnir lykilhlutverki.



Beinn kostnaður

- Sjúkrahústengdur kostnaður
- Kostnaður vegna afleiddra sjúkdóma út frá offitu

Óbeinn kostnaður


- Breyting á lifnaðarháttum vegna sjúkdóms
- Kostnaður vegna atvinnu ... sem fellur á sjúkling ... sem fellur á vinnuveitanda ... fellur á samfélagið

Óáþreifanlegur kostnaður


- Kostnaður sem fellur á sjúklinginn og aðstandendur hans
- Kostnaður sem fellur á samfélagið

Hvert stefnum við? Tvö aðkallandi vandamál skapa eina áskorun. Kostnaður mun aukast.

Þjóðin **eldist** mjög hratt




Það er **dýrara** að þjónusta eldra fólk





Kostnaður vegna öldrunar þjóða og offitu gæti leitt til þess að **kostnaður heilbrigðiskerfisins muni meira en tvöfaldaast á komandi árum.**

23% Íslendinga er í **yfirþyngd**



Erum að fitna **hraðar** en spáð var





Heilbrigð samkeppni

1. Hver er staðan í dag?
2. Hvert stefnum við?
3. Tillögur: Til breytinga þarf að koma

Heilsugæslan

- ① Bjóða út rekstur allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu
- ② Auka möguleika heimilislækna til að starfa sjálfstætt

Langtíma umönnun

- ③ Sveitarfélög greiði umframkostnað ef þau geta ekki tekið á móti sjúklingum frá sjúkrahúsum
- ④ Leggja áherslu á hagkvæmari úrræði t.d. heimaþjónustu

Gagnsæ fjármögnun

- ⑤ Fjármagn skal fylgja sjúklingi
- ⑥ Taka upp „fjármögnun eftir forskrift“

Upplýsingakerfi

- ⑦ Koma á fót upplýsingakerfi fyrir sjúklinga til þess að auðvelda samanburð á mismunandi þjónustu

Fyrirkomulag heilsugæslu á Norðurlöndum

	Fjöldi heimilislækna á hverja 1.000 íbúa	Fjármögnun	Þjónustustýring	Rekstrarform	Starfsemi
Danmörk	0,81	Skattar og beint úr vasa sjúklinga	Þjónustustýring	100% einkarekið	Heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi læknar
Finnland	0,43	Skattar og beint úr vasa sjúklinga	Þjónustustýring í opinberri þjónustu	Blanda af einkarekstri og opinberum rekstri	Heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi læknar
Noregur	0,57	Skattar og beint úr vasa sjúklinga	Þjónustustýring	93% einkarekið	Heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi læknar
Ísland	0,58	Skattar og beint úr vasa sjúklinga	Verið að innleiða þjónustustýringu	7% einkarekið annars opinber rekstur	Heilsugæslustöðvar og 12 sjálfstætt starfandi læknar
Svíþjóð	0,64	Skattar og beint úr vasa sjúklinga	Lénur í sjálfsvald sett	Blanda af einkarekstri og opinberum rekstri	Heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi læknar

Hvað getum við lært af Svíum? Valfrelsi í fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu

Svías réðust í markvissar breytingar á fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu (Vårdval) til þess að tryggja valfrelsi sjúklinga. Þeirra breytingar svipa að miklu leyti til þeirra breytinga sem verið er að innleiða hér á landi að undanskyldu einu atriði.

	Ísland	Svíþjóð	
Valfrelsi sjúklinga			<ul style="list-style-type: none">▪ Sjúklingar hafa nú fullt frelsi til þess að velja sér heimilislækni líkt og í Svíþjóð.▪ Valfrelsi sjúklinga miðast fyrst og fremst við heilsugæslustöðvar.
Fjármögnun eftir forskrift	Innleiðing hafin		<ul style="list-style-type: none">▪ Verið er að innleiða fjármagn með forskrift á Íslandi til að koma til móts við þarfir sjúklinga
Þjónustustýring	Innleiðing hafin		<ul style="list-style-type: none">▪ Innleiðing hvata til þess að gera heilsugæsluna að fyrsta komustað sjúklinga.
Aukinn einkarekstur			<ul style="list-style-type: none">▪ Íslenskir læknar hafa ekki frelsi til að stofna heilsugæslustöðvar líkt og sænskir starfsbræður þeirra.▪ Fjölgun einkarekinna heilsugæslustöðva í þéttbýlum hefur því ekki aukist samfara þessum breytingum.

Aukin samkeppni í þjónustu við sjúklinga hvetur til:

- **Hagkvæmari reksturs**
- **Skilvirkari þjónustu**
- **Meiri gæða**

Því verður að stíga þetta skref til fulls með auknum heimildum til einkareksturs.


Aðeins tvær heilsugæslustöðvar eru einkareknar á Íslandi

Tvær nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar munu rísa á **Bíldshöfða** og **Urðarhvarfi**

Heilsugæslan Lágmúla


Stofnuð 1999

HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ




HEILSUGÆSLAN
SALAHVERFI

Stofnuð 2004



Auka þarf skilvirkni: Opinber rekstur líður fyrir skort á samkeppni



Heimildir: Landlæknir, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Salus, Heilsugæslan Lágmúla

¹Vigtir: Heimsókn = 1, Símtal = 0,3, Vitjun = 2



Efla þarf heilsugæsluna: Lítil nýliðun og skortur á læknum kemur niður á gæðum þjónustunnar

Það eru mannréttindi að hafa heimilislækni

• INNLENT | 07:00 | 20. SEPTEMBER 2014



Læknar 110 færri nú en árið 2009

Innlent | mbl | 13.10.2014 | 11:09 | Uppfært 14:19

Það vantar um 50 heilsugæslulækna til starfa á höfuðborgarsvæðinu og það vantar um 40 á landsbyggðina. Þetta er niðurstaðan ef reiknað er með að hver læknir sinni að meðaltali um 1.500 sjúklingum á höfuðborgarsvæðinu. Sjúklingatalan er víða lægri úti á landsbyggðinni, eða um 800 á hvern lækni í læknishéruðum sem eru fjarri sjúkrahúsum og annarri stoðþjónustu.

Löng bið eftir tíma hjá lækni

Spurt er: Hvenær er laus tími næst hjá heilbrigðisráðgjafi/lækni?

HEILSUGÆSLA	NÆSTI TÍMI	BIÐTÍMI
Fjörður	25. maí	29 dagar
Garðabær	25. maí	29 dagar
Hlíðar	18. maí	22 dagar
Éfra Breiðholt	13. maí	17 dagar
Árbær	13. maí	17 dagar
Hamraborg	12. maí	16 dagar
Hvammur	11. maí	15 dagar
Mosfellsumd.	11. maí	15 dagar
Glæsibær	10. maí	14 dagar
Efstaleiti	9. maí	13 dagar
Milöbær	4. maí	8 dagar
Sólvangur	3. maí	7 dagar
Grafarvogur	2. maí	6 dagar
Mýjöld	27. apríl	1 dagur
Seltjarnnes	27. apríl	1 dagur


Innlent | Morgunblaðið | 11.1.2016 | 6:00

Lítil nýliðun og sumir hætta

Heilsugæslan ræður ekki við verkefnin

• INNLENT | 07:00 | 28. APRÍL 2016

Líkar þetta 83



Helmingur heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu hættir störfum á næstu tíu árum



Innlent | 12:14 | 08. NÓVEMBER 2015

Mikill skortur á heimilislæknum

Í dag vantar allt að 50 sérmenntaða heimilislækna til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Sjö heimilislækna vantar til starfa á hverju ári til þess að halda í horfinu. Meðalaldur starfandi heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu er um 55 ár og meira en helmingur þeirra mun hætta störfum á næstu tíu árum.

Vilhjálmur Ari Arason, heilsugæslulæknir og stjórnmálamaður, talaðir við vaxandi fjölda heilbrigðisráðgjafa og lækna í Eyjunni. Vilhjálmur Ari

Gunnlaugur: Læknar hrökklast úr starfi ef þeir fá ekki að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt

„Margir heimilislæknar hafa hrökklast úr starfi og geta ekki hugsað sér að starfa á ný innan heilsugæslunnar nema með meiri áhrifum á starfsumhverfi sitt. Krafa um fjölbreyttari rekstrarform og aukinn sjálfstæðan rekstur lækna hefur af þeim sökum verið sett fram af vaxandi þunga síðustu ár,“ skrifar Gunnlaugur Sigurjónsson heimilislæknir og stjórnarformaður Læknavaktarinnar í nýjasta hefti Læknablaðsins. Rekstur hann sögu heilsugæslunnar.



Tugþúsundir án nafngreinds heimilislæknis

Innlent | mbl | 6.3.2014 | 20:30 | Uppfært 7.3.2014 16:38

Hvernig er hægt að ná markmiðinu? Auka samkeppni heilsugæslustöðva

Lög um heilbrigðisþjónustu:

„Markmið þeirra er að allir landsmenn eigi kost á fullkomnu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita til verndar andlegri og félagslegri heilbrigði“.



Opinber rekstur líður fyrir skort á samkeppni en um **93% heilsugæslustöðva** eru í opinberum rekstri.

Aukinn einkarekstur stuðlar að,

- Samkeppni heilbrigðisstofnana um viðskiptavini **eykur gæði** þjónustunnar.
- **Virkari samkeppni** og hagnaðarsjónarmið drífa eigendur áfram til **aukinnar skilvirkni** og betri nýtingu á almannafé.

Einkarekstur tryggir öllum **jafnt aðgengi** að heilbrigðisþjónustu líkt og um ríkisrekstur væri að ræða.

	Aðgengi	Gæði	Skilvirkni
Ríkisrekstur	✓	✓/✗	✓/✗
Einkarekstur	✓	✓	✓
Einkavæðing	✓/✗	✓	✓

Ólík rekstrarform skila ólíkri niðurstöðu

Opinber rekstur

Lítill nýliðun – **Hár** meðalaldur – **Skortur** á heimilislæknum

Einkarekstur

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

- Stofnun ársins 2016: **134. sæti**
- Neðst allra heilbrigðisstofnana
